

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004, iðnaðarsvæði á Stórubryggju, Eyrarsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004, frá 22. febrúar 1985.

Breytingin varðar afmörkun 700 fermetra iðnaðarsvæðis á austurhluta Stórubryggju. Landnotkun breytist frá óbyggðu opnu svæði í iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Eyrarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 23. maí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 386

23. maí 2000

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003, sbr. viðauka við aðalskipulag Grindavíkur 1990-2010, Vallarhverfi, 2. áfangi, Grindavíkurbær.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003, frá 15. nóvember 1984, sbr. viðauka við aðalskipulag Grindavíkur 1999-2010, frá 25. nóvember 1991.

Breytingin varðar íbúðar- og útivistarsvæði norðan Kúadals, jafnframt er breytt gatna-kerfi við Grindavíkurveg og Nesveg.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 23. maí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 387

29. maí 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 233, 30. mars 1999, um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða.

1. gr.

2. töluliður 4. gr. orðast svo: Slægja skal eins fljótt og auðið er eftir að fiskurinn er kominn um borð. Sé heimilt að landa óslægðum fiski skal hann slægður eigi síðar en 12 klst. eftir löndun.

2. gr.

5. töluliður 1. kafla viðauka 1 orðast svo: Allan fisk, annan en þann sem selja á lifandi, skal blóðga, slægja, þvo og kæla þannig að tryggt sé að hitastig fisks verði milli 0-4°C innan 6 klst. eftir að hann hefur verið innbyrtur. Sé afla landað daglega er þó heimilt að koma með óslægðan fisk að landi, enda hafi hann undantekningarlaust verið blóðgaður, þveginn og kældur á fullnægjandi hátt, þ.e. að tryggt sé að hitastig fisks verði milli 0-4°C innan 6 klst. eftir að hann hefur verið veiddur. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst er þó ekki heimilt að landa óslægðum fiski á laugardögum og sunnudögum. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá þessu ef sýnt er óyggjandi fram á að tryggt sé að uppfyllt séu skilyrði um slægingu í landi eins og kveðið er á um í reglugerð þessari.

3. gr.

2. töluliður kafla I viðauka 4 orðast svo: Sé afla landað daglega er heimilt að koma með aflann óslægðan að landi, enda sé hann undantekningalaust blóðgaður, þveginn og kældur á fullnægjandi hátt þ.e. að tryggt sé að hitastig fisks verði milli 0-4°C innan 6 klst. eftir að hann hefur verið veiddur. Slæging, þvottur og ísun skal fara fram við fyllsta hreinlæti svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 12 klst. eftir löndun. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst er þó ekki heimilt að landa óslægðum fiski á laugardögum og sunnudögum. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá þessu ef sýnt er óyggjandi fram á að tryggt sé að uppfyllt séu skilyrði um slægingu í landi eins og kveðið er á um í reglugerð þessari.

4. gr.

1. málslíður 4. töluliðar viðauka 8 orðast svo: Flutningatæki sem notuð eru til flutnings á afla eða fiskafurðum skulu vera lokuð. Þau skulu vera þannig gerð og útbúin að unnt sé að halda afla eða fiskafurðum við það hitastig sem tilgreint er í reglugerð þessari meðan á flutningi stendur.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. maí 2000.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

SAMÞYKKT

**um afgreiðslu byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar,
skv. skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.**

1. gr.

Byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar afgreiðir án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum önnur en gerð skipulagsáætlana, úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillagna um nöfn gatna, torga og hverfa.